

meðdómsmennirnir Ingólfur Sigurmundsson húsasmiðameistari og Jón Óskarsson fasteignasali.

Dómsuppsögn hefur dregið vegna veikinda annars meðdóm-
andans.

Dómsorð:

Stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hreggviðs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1971.

Nr. 82/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Ragnari Bjarnasyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt staðar-
ákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dag-
settri 10. ágúst 1971, segir svo:

„A = staður varðskipsins kl. 0733 h. 29/4 '71 við hlið báts-
ins. Staður A mælist um 0,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
Staður varðskipsins kl. 0734 mælist einnig um 0,6 sjóm. inn-
an fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég einnig sett út staðarákvörðun varð-
skipsins kl. 0733 með því að taka tillit til þeirrar fjarlægðar-
skekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Kelvin Hughes
ratsjár varðskipsins viðurkenna ($\pm 2\frac{1}{2}\%$ af fjarlægðum fyr-
ir færanlega fjarlægðarhringinn), staður A₁ auðkenndur með

rauðum lit. Staður A₁ mælist um 0,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna“.

Að tilhlutan Hæstaréttar var háð framhaldsrannsókn í málinu. Fyrir sakadóm komu aftur skipherra varðskipsins, Þröstur Sigtryggsson, og Kristinn Jóhann Árnason, sem var 1. stýrimaður varðskipsins hinn 29. apríl 1971. Var þeim kynnt efni héraðsdómsskjals nr. 1, þ. e. skýrsla Landhelgisgæzlunnar, dags. 29. apríl 1971. Framburður skipherra var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að það, sem við er átt í skýrslum þess með staðnum Gálgu, sé radarendurvarp frá fjaraskiptaskermum varnarliðsins, sem eru stutt frá þríhyrningamælistaðnum Gálgu. Vitnið hefur ekki mælt fjarlægð skermanna frá umræddum punkti, en áætlað hana vera 100—200 metra í suðvestlæga stefnu frá Gálgu. Útsetningin í sjókortin er sett frá þríhyrningamælistaðnum.

Vitnið kvaðst ekki gera þetta að ástæðulausu, heldur í samræmi við athugun, sem það gerði með sextant og ratsjá kl. 11.48 hinn 29. apríl s.l.“.

Skipherra var að því spurður, „hvaða punktur í Eldey hafi verið notaður til viðmiðunar í mælingunum“. Kvað skipherrann, „að í þessari fjarlægð frá Eldey komi hún aðeins fram í radarnum sem einn punktur og á venjulegan hátt mæld fjarlægð til hans“.

Framburður 1. stýrimanns var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að í radar varðskipanna sjáist greinilegur punktur, sem skipstjórnarmenn álíti vera fjaraskiptaskerma varnarliðsins á Stafnesi. Skermarnir eru það nálægt þríhyrningspunkti, sem er á Stafnesinu, að óhætt er talið að setja fjarlægðir út frá þeim punkti, og er það venjulega gert. Er í þessu efni talað um staðinn Gálga á meðal skipstjórnarmanna á varðskipum ríkisins. Aðspurt kveðst vitnið aðeins hafa athugað staðinn af sjó, en aldrei á landi“.

Málið var af nýju borið undir Jónas Sigurðsson, skólastjóra Stýrimannaskólans. Greinargerð skólastjórans, dagsett 28. október 1971, er svohljóðandi:

„Samkvæmt framburði skipherra og 1. stýrimanns varð-

skipsins var staðarákvörðun varðskipsmanna hjá bátnum gerð með radarfjarlægðum frá Eldey og fjaraskiptaskermum varnarliðsins sunnarlega á Stafnesi. Fjarlægðin frá fjaraskiptaskermunum er hinsvegar sett út frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum, enda eru skermarnir ekki merktir í sjókorti nr. 31.

Á loftmynd, sem Landmælingar ríkisins hafa tekið af þessu svæði, hef ég mælt fjarlægðina milli Gálga og fjaraskiptaskermisins, sem er lengst frá Gálgum. Samkvæmt því er fjarlægðin um 260 metrar eða um 0,14 sjóm. og áttin frá Gálgum til skermisins 223° réttvísandi.

Við útsetningu í sjókort nr. 31 get ég ekki fundið, að þessi munur á staðnum, sem fjarlægðin var mæld til, og staðnum, sem hún var sett út frá, hafi mælanleg áhrif á fjarlægð staðanna A og A₁ frá bannsvæðismörkunum, þ. e. línunni réttvísandi vestur frá Stafnesi“.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins, verður talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar almenna uppgjöf saka vegna fiskveiðibrota, sem framin voru á íslenskum fiskiskipum frá 14. apríl 1965 til 30. nóvember 1968. Refsidómur á hendur ákærða, sem kveðinn var upp 4. desember 1966, hefur því ekki ítrekunaráhrif.

100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 seðlakrónum samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 21. október 1971.

Ber að staðfesta héraðsdóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Ragnar Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. apríl 1971.

Ár 1971, föstudaginn 30. apríl, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarsyni og Árna Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 537/1971: Ákærvaldið gegn Sigurði Ragnari Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 30. apríl 1971, höfðað á hendur Sigurði Ragnari Bjarnasyni, Stafnesvegi 6, Sandgerði, skipstjóra á vélbátnum Jóni Oddssyni, GK 14, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti fimmtudagsmorguninn 29. apríl 1971 í Miðnessjó á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Ákærist því nefndur Sigurður Ragnar til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 23/1971, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 28. marz 1932 í Sandgerði, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1952 20/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1966 20/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 20.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Jóns Oddssonar, GK 14, gerð upptæk.

1966 4/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 25.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Jóns Oddssonar, GK 14, gerð upptæk.

1968 í Reykjavík: Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dómana, uppkveðna 20. febrúar 1966 og 4. desember 1966.

1970 3/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn reglum nr. 214/1966.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Þrastar Sigtryggssonar, skipherra á varðskipinu Óðni, dagsettri 29. apríl 1971, að, kl. 0733, fimmtudaginn 29. apríl 1971, er varðskipið var við eftirlitsstörf í Miðnessjó, var komið að m/b Jóni Oddssyni, GK 14, þar sem hann var að toga með stjórnbörðsvörpu: „Staður:

Eldey, fjarl. 15.7 sjóm.

Gálgar, fjarl. 12.4 sjóm.

gefur það stað bátsins um 0.5 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 0734 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Eldey, fjarl. 15.7 sjóm.

Gálgar, fjarl. 12.3 sjóm.

gefur það stað bátsins um 0.5 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Um kl. 1110 var skipstjóra bátsins tilkynnt að halda til hafnar og að mál hans yrði tekið fyrir í Hafnarfirði.

Kl. 0820 var gerð athugun á lausa hring ratsjárinnar, og reyndist hann sýna 0.2 sjóm. of mikið. Í fjarlægðum hér að framan er reiknað með þessari skekkju.

Athuganir voru gerðar með KH-ratsjá af 1. og 2. stýrimanni undir umsjón skipherra.

Veður: ASA 4, regn, sjólítið“.

Yfirmenn varðskipins Óðins hafa komið fyrir dóminn, og staðfestu þeir vætti sín með eiði.

Þróstur Sigtryggson skipherra staðfesti skýrslu sína. Hann kvaðst hafa séð einkennisstafi bátsins svo og að hann var að toga með stjórnbörðsvörpu. Hann kvað 1. og 2. stýrimann hafa annazt staðarákvarðanir, en hann fylgt með hinni síðari. Einnig hafi þeir undir eftirliti hans sett út stað bátsins í sjúkort.

Kristinn Jóhann Árnason, 1. stýrimaður varðskipins, kvaðst hafa séð nafn bátsins og númer. Hann og 2. stýrimaður hefðu framkvæmt staðarákvarðanir og báðir samtímis lesið af fjarlægðarkvarða ratsjárskífunnar. Hafi komið í ljós, að báturinn var 0.5 sjómíllur fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Hann kvað sig minna

fastlega, að togvírar bátsins hafi verið þannig, að greinilegt hafi verið, að hann var að toga.

Hálf dán Henrysson, 2. stýrimaður á varðskipinu, staðfesti skýrslu skipherrans rétta, að svo miklu leyti sem hann gæti um borið. Hann kvaðst ekki hafa séð nafn bátsins, en hins vegar númer og að hann hafi verið að toga með stjórnbörðsvörpu. Hann kvaðst hafa unnið að staðarákvörðunum ásamt 1. stýrimanni.

Ákærði, sem er skipstjóri á vélbátnum Jóni Oddssyni, GK 14, kvaðst hafa haldið á veiðar frá Sandgerði klukkan um 0300—0400 aðfaranótt fimmtudagsins 29. apríl s.l. Hann kvaðst hafa hafið togveiðar með fiskibotnvörpu nokkuð sunnan við syðri mörk þess hólfs, sem um ræðir í máli þessu. Hann kvað skyggni hafa verið slæmt og hafi verið erfitt að staðsetja sig nákvæmlega, enda hafi viðmiðunarstaðir náðst illa á ratsjána. Hann kvaðst hafa talið sig vera á löglegum slóðum, enda fjöldi togbáta allt í kringum hann. Kærði vefengdi ekki staðarákvarðanir landhelgisgæzlumanna og kvað bátinn á þeim tíma, er þær voru gerðar, hafa verið að toga.

Mat afla og veiðarfæra var framkvæmt af Guðmundi Guðmundssyni fulltrúa og Skarphéðni Kristjánssyni lögregluþjóni. Er niðurstaða matsgerðar sú, að afli er metinn kr. 17.150.00 og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, kr. 70.760.00.

Með eigin framburði ákærða og vætti vitna svo og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur í umrætt sinn gerzt sekur um fiskveiðibrot það, er í ákæruskjali greinir og þar er réttilega fært til lagaákvæða.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 pappírskrónum.

Samkvæmt skipaskrá er m/b Jón Oddsson, GK 14, að stærð 82 rúmllestir brúttó.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindum lagaákvæðum hæfilega ákveðin kr. 40.000.00 sekt til Landhelgisjódís Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gera ber upptækan til handa Landhelgisjódí Íslands allan afla svo og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, um borð í m/b Jóni Oddssyni, GK 14.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Ragnar Bjarnason, greiði kr. 40.000.00

sekt til Landhelgisgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í vélbátnum Jóni Oddssyni, GK 14, skulu vera upptæk til handa Landhelgisgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1971.

Nr. 125/1970. **Guðjón Jónsson og**
Jón Valgarð Guðjónsson
 (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
 gegn
Sævík h/f
 (Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaup og sala. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1970. Þeir gera þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða kr. 28.078.33 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags. Þá krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa viðurkennt greiðsluskyldu sína á kr. 37.465.67. Þeir hafa engin haldbær rök fært fyrir Hæstarétti, að þeim beri ekki að greiða stefnda þann kostnað, kr. 39.515.90, sem hinir sérfróðu dómendur í héraði töldu þá eiga að greiða í sambandi við söluna á bátnum.